

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 14. október kl. 13:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1227. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Hafðís Anna Bragadóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurbrún 31 - USK25090109

Sótt er um leyfi til að breyta innri skipulagi og útliti íbúðarhúsnæðis í matshluta 01 hús á lóð nr. 31 við Austurbrún. Matshluti 02 helst að öllu leyti óbreyttur.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2025 og umsögn Minjastofnunar dags. 8. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Ármúli 38 - USK25040303

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýmis 0301 og innrétta íbúð í stað skrifstofu á 3. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 38 við Ármúla.

USK25040303 er rafrænt framhald af erindi BN060263 sem jafnframt er dregið tilbaka.

Hjálögð er umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023 og 10. júní 2022.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 8. júlí 2025 og dags. 21. apríl 2025 og fylgiskjal með skýringum breytinga og samþykki meðlóðarhafa mhl.01, 02 og 03 dags. mars 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 28. júlí 2021.

Frestað. Málinu vísað til grenndarkynningar hjá skipulagsfulltrúa.

3. Bakkastaðir 2 - USK25050075

Sótt er um leyfi til að innrétta skóla fyrir börn með fjölþættar fatlanir með því að endurskipuleggja og aðlagja kennslustofur og stuðningsrými og bæta aðgengi fyrir alla í Korpuskóla á lóð nr. 2 við Bakkastaði.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 8. maí 2025, hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 10. apríl 2025, brunahönnun frá Örugg dags. 29. maí 2025 og svör við athugasemdum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Baldursgata 27 - USK25080209

Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu úr timbri við vesturgafli suðurhliðar íbúðarhúss, mhl.01, á lóð nr. 27 við Baldursgötu.

Stækkun: xx.x ferm., xx. x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bergstaðastræti 4 - USK25080048

Sótt er um heimild til að breyta notkun íbúða 020, 202, 0301 og 0302 í hótélíbúðir í gistiflokki II fyrir samtals 24 gesti á 2. og 3. hæð í verslunar og íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 10. júlí 2007.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Teikningar framsendar til skipulagsfulltrúa

6. Bjóla 1 - USK25010160

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að íbúðarhús hefur verið gert upp, einangrað og klætt að utan með bárúklæðningu og byggð hefur verið geymsla við suðaustur hlið einbýlishúss á lóðinni Bjóla 1 á Kjalarnesi.

Stækkun 28.7 ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir uppfærð umsögn Minjastofnunar dags. 8. maí 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 18. mars 2025 og ljósmynd af lóðauppdrætti 32.465.2 dags. 15. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Bjóla 2 - USK25010161

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að hlaða hefur verið gerð upp, einangruð og klædd að utan með bárúklæðningu og notkun breytt í vinnustofu auk þess sem byggð hefur verið geymsla við suðaustur hlið húss á lóðinni Bjóla 2 á Kjalarnesi.

Stækkun: 60.7 ferm., 85.3 rúmm.

Erindi fylgir uppfærð umsögn Minjastofnunar dags. 8. maí 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 18. mars 2025 og ljósmynd af lóðauppdrætti 32.465.2 dags. 15. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 26 - USK25070362

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. II, teg. a fyrir 78 gesti í rými 0102 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Borgartún.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun síðast breytt 4. júlí 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

9. Bárugata 3 - USK25060385

Sótt er um leyfi til að sameina fasteignir, breyta innra skipulagi, fjarlægja skorstein, síkka glugga á 1. hæð og gera hurð út á nýjar svalir með stiga niður í garð á suðurhlið og gera nýtt bílastæði meðfram austurhlið húss á lóð nr. 3 við Bárugötu.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 15. ágúst 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 30. júní 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Teikningar framsendar til skipulagsfulltrúa

10. Fjallkonuvegur 1 - USK25090165

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þannig að komið hefur verið fyrir mengunarvörnum og brunavarnir hafa verið uppfærðar fyrir þvottastöð, mhl.02 á lóð nr. 1 við Fjallkonuveg.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

11. Grenimelur 9 - USK25040027

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast helst í að innra skipulagi er breytt, kvistur á vesturhlið er stækkaður, nýjum kvisti komið fyrir á suðausturhlið, skorsteinn er fjarlægður, þakgluggum bætt og gerður nýr inngangur að kjallara, jafnframt hafa matshlutar verið sameinaðir, eignarhaldi og notkun bílskúra breytt í vinnustofur og skráning uppfærð fyrir íbúðarhús á lóð nr. 9 við Grenimel.

Stækkun 39,5 ferm. og 80,8 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 1. apríl 2025, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26. apríl 1992 og gátlisti hönnuðar.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

12. Grensásvegur 1A - USK25090167

Sótt er um leyfi til að breyta stofnerindi BN058797 og innrétta verslun í rými 0111 á 1. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi við Grensásveg 1A, mhl.02, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. Grettisgata 71 - USK25080035

Sótt er um leyfi til að sameina þrjá kvista, gera þaksvalir og þakglugga á hús á lóð nr. 71 við Grettisgötu

Erindi fylgir yfirlit breytinga, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2025 og umsögn Minjastofnunar dags. 8. september 2025. Einnig fylgir samþykki eigenda dags. 13.10.2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

14. Grímshagi 2 - USK25060383

Sótt er um leyfi til þess fjarlægja bíslag við suðausturgötl og byggja í staðinn viðbyggingu á tveimur hæðum og setja kvisti á norðaustur- og suðvesturþekju einbýlishúss á lóð nr. 2 við Grímshaga.

Þess er jafnframt óskað að 14.6 ferm. geymsla, mhl.02, verði afskráð enda hafi hún þegar verið fjarlægð.

Stækkun mhl.01: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindið var grenndarkynnt frá 9. september 2025 til og með 7. október 2025. Engar athugasemdir bárust.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 28. maí 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025.

Frestað. Lagfæra skráningu.

15. Hesthals 12 - USK24060424

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058923, með síðari breytingu BN060442 og USK2406424, vegna lokaúttektar á iðnaðar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 12 Hesthals.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti samþykktra aðaluppdráttar

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

16. Hlésgata 1 - USK25050140

Sótt er um leyfi til að byggja 3-5 hæða fjölbýlishús með 110 íbúðum sem skiptist í sjö húshluta ofanjarðar á sameiginlegum bílakjallara með 52 bílastæðum og atvinnurýmum á jarðhæð að Rastargötu, á lóð nr. 1 við Hlésgötu.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 6. maí 2025, brunahönnun frá Örugg dags. 23. september 2025, minnisblað frá Eflu um mengunarrannsóknir dags. 25. maí 2025, aðgerðaráætlun vegna mengaðs jarðvegs dags. 20. ágúst 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2025.

Stærð: 4.382,8 ferm., 13.758,9 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Hraunberg 12 - USK25060005

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun dagheimilis í frístundaheimili fyrir alls 50 börn og 10 starfsmenn, breyta innra skipulagi, bæta aðgengi og flóttaleiðir með tilliti til algildrar hönnunar og gera nýjan inngang á suðvesturhlið húss á lóð nr. 12 við Hraunberg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 9. júní 1983.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

18. Hverfisgata 33 – USK25100167

Sótt er um leyfi að breyta erindi USK25030002 vegna lokaúttektar þannig að er byggingalýsing er uppfærð fyrir skrifstofuhúsa á lóð nr. 33 við Hverfisgötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

19. Lambhagavegur 2-4 - USK25090183

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta sölubás fyrir pylsur, veitingastað í flokki ? tegund ? fyrir ? í anddyri rýmis 0101 í verslunar- og iðnaðarhúsi Bauhaus, á lóð nr. 2 - 4 við Lambhagaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

20. Laugavegur 103 - USK25080182

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24010308 vegna lokaúttektar þannig að flóttaleiðir eru uppfærðar fyrir veitingastað í flokki II, teg. a, fyrir 30 gesti í sæti og 10 á biðsvæði, í rými 0102 í veitingar-og íbúðarhúsi á lóð nr. 103 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 26. mars 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

21. Lágholtsvegur 15 - USK25090277

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059962 vegna lokaúttektar þannig að gluggasetningu hefur verið breytt, sumir hafa verið fjarlægðir, öðrum breytt í hurðir, flokkun klæðningar er breytt og staðsetningu sorps breytt við einbýlishús á lóð nr. 15 við Lágholtsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26. október 2021

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

22. Lækjarsel 10 - USK25040122

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og stækka með viðbyggingum til suðurs íbúð 0101, annars vegar með geymslu inn af anddyri og tómsundarými hins vegar og stækka með því þaksvalir íbúðar 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 10 við Lækjarsel.

Stækkun: 27.0 ferm., 71.55 rúmm.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa dags. 7. apríl 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 29. nóvember 1990.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

23. Miðtún 88 - USK25050546

Sótt er leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir íbúðarhús á lóð nr. 88 við Miðtún.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 3. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

24. Norðlingabraut 4 - USK25040407

Sótt er um leyfi til þess að byggja svalagang úr timbri klæddum sléttri áklæðningu meðfram suðausturhlíð 2. hæðar skóla- og iðnaðarhúss á lóð nr. 4 við Norðlingabraut.

Stækkkun: 145.2 ferm., 582.1 rúmm.

Samskonar erindi BN056433 er fallið úr gildi og því er nú sótt um að nýju.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 12. apríl 2016.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

25. Selásbraut 98 - USK25090136

Sótt erum leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta kaffihús, veitingastað í flokki II, tegund e fyrir 31 gest í rými 0103 í fjölbýlishúsi, mhl.01, á lóð nr. 98 við Selásbraut.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Skeifan 11A - USK25040440

Sótt er um leyfi til þess að gera nýjan inngang, breyta innra skipulagi og innrétta útsölustað fyrir bakarí sem hluta af stærra verslunarrými 0102, mhl.02 á lóð nr. 11 við Skeifuna.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 29. ágúst 2025 og 30. apríl 2025, skýrsla Mannvits verkfræðistofu um brunahönnun, útgáfa 03 dags. 11. desember 2017, yfirlýsing um afnot rýmis dags. 10. september 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 14. maí 2019.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

27. Skipholt 15 - USK25090290

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK25070359 þannig að er rými 0107 er skipt í tvær eignir, rými 0107 ,verslun, og rými 0021, lager, í fjöleignahúsi á lóð nr. 15 við Skipholt.

Erindi fylgir samþykku meðeigenda dags. 29. maí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 11. apríl 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Skipholt 17 - USK25040250

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að skipta rými 0101 í þrjár eignir; rými 0001, rými 0101 og rými 0102, breyta innra skipulagi og innrétta lager í kjallara, snyrtistofu í rými 0101 og húðflúrstofu í rými 0102 auk þess sem gerður er nýr inngangur að rými 0102 á 1. hæð í verslunar- og fjölbýlishúsi á lóð nr. 17 við Skipholt.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 29. maí 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 23. júlí 2019 og 8. nóvember 2006

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Skógarsel 12 - USK25080226

Sótt er um leyfi til þess að endurnýja eldhús og breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð í félagsheimili Fram, mhl.01, á lóð nr. 12 við Skógarsel.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 11. mars 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Skógarás 16 - USK25080034

Sótt erum leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, stækka svalir og breyta gluggum í húsi á lóð nr. 16 við Skógarás.

Umsókn fylgir samþykki nágranna á lóð nr. 14 við Skógarás, dags. 09.09.2025.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

31. Skólavörðustígur 6B - USK25080107

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi skipta í tvær sjálfstæðar rekstrareiningar rými 0103 og innrétta sem verslun og veitingastað í flokki 1 tegund veitingaverslun, í rými 0103a og lager í rými 0103b í verslunar- og íbúðarhúsi við Skólavörðustíg 6b, mhl.05, á lóð nr. 4 við Skólavörðustíg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

32. Stuðlasei 28 - USK25090264

Sótt er um leyfi til að síkka stofuglugga á suðurhlíð einbýlishúss á lóð nr. 28 við Stuðlasei.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Suðurlandsbraut 22 - USK25090203

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta fyrir meðferðarstöð Osteopata fyrir mest 4 skjólstæðinga í senn, í hluta rýmis 0301 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 22 við Suðurlandsbraut.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

34. Suðurlandsbraut 6 - USK25020087

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til þess að breyta notkun og innra skipulagi, innrétta skrifstofur fyrir um 40-50 manns, bæta flóttaleiðir með því að setja svalir og flóttastiga frá 2. hæð, grafa út verönd við suðurhlíð, síkka hurð í gólfhæð til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra að flóttaleið frá 1. hæð bakhúss; mhl.04, á lóð nr. 6 við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 11. ágúst 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 4. nóvember 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

35. Sólvallagata 1 - USK25020064

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt anddyri á vesturhlið, og stækka viðbyggingu á suðurhlið og koma fyrir svölum á þaki beggja viðbygginga við einbýlishús á lóð nr. 1 við Sólvallagötu.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2023 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. mars 2025.

Stækkun mhl. 01: 63,2 ferm., 169,8 rúmm.

Mhl. 01 eftir stækkun: 263 ferm., 741,8 rúmm.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Sólvallagötu 2, 3 og 4 og Ávallagötu 2 og 4, frá 7. júlí 2025 til og með 5. ágúst 2025. Engar athugasemdir bárust.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

36. Sörlaskjól 68 - USK25060198

Sótt er um leyfi til að setja svalir framan við kvist á suðurþekju rishæðar, síkka glugga í kjallara og koma fyrir hurð út á verönd sem grafa á niður meðfram hluta suðurhliðar, jafnframt er innra skipulagi breytt og eignum fjölgað með því að gera íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 68 við Sörlaskjól.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 11. júní 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21 október 2003.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Tryggvagata 15 - USK25060350

Sótt er um leyfi til að endurnýja og byggja ofaná Grófarhús, breyta innra skipulagi og innrétta fyrir Borgarbókasafnið hús á lóð nr. 15 við Tryggvagötu.

Erindi fylgir brunahönnun frá Öruggeri dags. 2. október 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 23. júní 2026, forhönnunarskýrslur frá Eflu um burðarvirki dags. 24. júní 2025 og lagnir og loftræsinga dags. 20. júní 2025 ásamt orkuramma dags. 24. júní 2025.

Minnkun: 1.268 ferm., stækkun: 372,4 rúmm.

Eftir breytingar: 6.155,5 ferm., 23.735,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Týsgata 8 - USK25050394

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun þannig að íbúðum á 2. - 4. hæð er breytt í hótélíbúðir í gistiflokki ? fyrir alls ? gesti í veitinga- og fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Týsgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26. júlí 2016.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

39. Úlfarsbraut 116 - USK25090184

Sótt er um leyfi til að koma fyrir svalalokun á svölum íbúðar 0303 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 116 við Úlfarsbraut.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 5. september 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

40. Úlfarsbraut 6 - USK25090131

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057779 þannig að stoðvegg á lóðarmörkum til suðurs og austurs og að lóðinni Úlfarsbraut 2-4 er breytt á lóð nr. 6 - 8 við Úlfarsbraut.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

41. Úlfarsbraut 8 - USK25090132

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057779 þannig að stoðvegg á lóðarmörkum til suðurs og vesturs og að borgarlandi er breytt á lóð nr. 6 - 8 við Úlfarsbraut.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

42. Vesturbrún 22 - USK25050257

Óskað er eftir að stækka eldhús yfir bílskúr á núverandi húsi ásamt innanhús breytingum. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Vesturbrún 20 og 24, frá 9. september 2025 til og með 7. október 2025. Athugasemd barst.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Vitastígur 14A - USK25070219

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir íbúðarhús nr. 14A, mhl.02, á lóð nr. 14 við Vitastíg

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

44. Þverholt 18 - USK25080334

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059059 þannig að bætt er við tveimur hæðum og íbúðum fjölgað um ? í skrifstofu-og atvinnuhúsnæði (mhl.01) á lóðinni Þverholt 18.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21. nóvember 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Fundi slitið kl. 14:14

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Hafdís Anna Bragadóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**